



Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 23. júní 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreinda reglugerð sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 29. maí sl. Reglugerðinni er ætlað að útfæra 3., 7., 8., og 13. gr. laga nr. 78/2019 sem öðlast gildi 1. september næstkomandi. Samtökin skiluðu umsögn um frumvarpið sem varð að ofangreindum lögum og bentu á ýmis atriði sem betur máttu fara. Með lögnum eru innleidd efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 um net- og upplýsingaöryggi (NIS tilskipunin).

Samtökin telja rétt að áréttu að af NIS tilskipuninni verður ráðið að gera skuli mismunandi kröfur til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu. Saman mynda þessir aðilar mikilvæga innviði í skilningi ofangreindra laga. Í umsögn um lagafrumvarpið bentu samtökin á mikilvægi þess að þetta væri skýrt í lögnum. Hið sama á við um fyrirliggjandi reglugerðardrög. Í 49. lið formálsorða tilskipunarinnar segir:

Veitendur stafrænnar þjónustu ættu að tryggja öryggisstig í réttu hlutfalli við áhættuna fyrir öryggi stafrænu þjónustunnar sem þeir veita, að gefnu mikilvægi þeirra þjónustu fyrir rekstur annarra fyrirtækja innan Sambandsins. Í raun er áhættustigið hærra fyrir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, sem oft er nauðsynleg til að halda uppi mikilvægri samfélagslegri og efnahagslegri starfsemi, en það er fyrir veitendur stafrænnar þjónustu. Því ættu öryggiskröfur til veitenda stafrænnar þjónustu að vera minni.

Af ákvæðum reglugerðarinnar er ljóst að sambærilegar kröfur virðast gerðar til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu. Í sumum ákvæðum reglugerðarinnar, t.d. 17. gr., 22. gr. og 28. gr. er þó tilgreint að veitendur stafrænnar þjónustu sé heimilt að víkja frá einstaka ráðstöfunum ef þjónustuveitandinn getur sýnt fram á að kröfur séu of íþyngjandi miðað við umfang og eðli starfsemi þjónustuveitandans. Með þessum ákvæðum er verið að leggja þá kröfu á veitendur stafrænnar þjónustu að sýna fram á að vægari kröfur eigi að gilda um starfsemi þeirra. Samtökin mótmæla þessari aðferðarfræði og leggja áherslu á að þetta fyrirkomulag dregur úr gagnsæi þeirra reglna sem gilda um veitendur stafrænnar þjónustu sem og leggur óhæfilegar byrgðar á þau fyrirtæki. Samtökin leggja áherslu á að tekin sé skýrari afstaða til þess hvaða kröfur eigi að gilda um veitendur stafrænnar þjónustu og gætt að því að ganga ekki lengra en NIS tilskipunin kveður á um. Af lestri tilskipunarinnar er ljóst að grundvallarmunur er á milli rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu og er fjallað um þessa aðila, bæði varðandi skyldur og eftirlit, með aðgreindum hætti. Reglugerðin, sem nú er til umsagnar, verður í öllum tilvikum þar sem það á við að taka tillit til þessa og gera skýran mun á skyldum þessara aðila. Að mati samtakanna er nauðsynlegt að endurskoða reglugerðardrögin í þessu ljósi áður en hún verður samþykkt.

Virðingarfyllt,

Heiðrún Björk Gísladóttir
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði SA

Björg Ásta Þórðardóttir
Yfirlögfræðingur SI